

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarþátttöku sjúklinga við endurhæfingu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hvernig skiptist kostnaður við endurhæfingu á milli sjúklings og hins opinbera eftir því hvar endurhæfingin er veitt og hvar sjúklingurinn dvelur á meðan meðferð stendur, þ.e. hvort hann:
 - a. er innritaður á sjúkrahús,
 - b. dvelur á Rauðakrosshótelinu,
 - c. dvelur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði,
 - d. er heima hjá sér,
 - e. dvelur á öldrunarstofnun?
2. Hver greiðir hvað hverju sinni, svo sem lyf, læknishjálp, rannsóknir, hjálpartæki, sjúkra-þjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun o.s.frv.?

Skriflegt svar óskast.